

Úrskurðir fógætaréttar um það, hvort fógætagerð skuli fara fram eða ekki sæta ekki kæru til Hæstaréttar, sbr. a lið 3. tl. 21. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu ex officio frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður fógætaréttar Reykjavíkur 11. nóvember 1985.

Fram er komið að gerðarbeiðandi, Hörður Ólafsson hrl., Njálsgötu 87, hefur hinn 15. október 1979 fengið útgefið lögregluleyfi fyrir skotvopni, Simson tvíhleyptri haglabyssu, 12. ga., nr. 210784, smíðaðri í Suhl.

Þar eð fógætaréttinum hefur borist ljósrit af leyfisþjaldi þessu, þar sem segir, að lagt hafi verið hald á skotvopn þetta, þykir ekki fært að sinna innsetningarbeiðni þessari.

Þ v í ú r s k u r ð a s t:

Innsetningarbeiðni þessari verður ekki sinnt.

Fimmtudaginn 5. desember 1985.

Nr. 262/1985. **Björn Baldursson og**

Rut Skúladóttir

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík

vegna byggingarnefndar Reykjavíkur

Kærumál. Lögbann. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðiljar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19.

f.m., er barst Hæstarétti 28. f.m. Gera þeir þær kröfur, að Hæstiréttur leggi fyrir fógeta að lýsa yfir lögbanni í samræmi við lögbannsbeiðni gerðarbeiðanda, sem dagsett er 28. október 1985, gegn þeirri tryggingu, er fógeti metur gilda.

Sóknaraðiljar fara þess á leit í ofangreindri beiðni, „að lagt verði lögbann við niðurrífi girðingar við Vesturgötu 33 A,

að lagt verði lögbann við gildistöku dagsektaákvörðunar bygginganefndar Reykjavíkur sem síðast var frestað með yfirlýsingu Björns Friðfinnssonar, framkvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar Reykjavíkurborgar, í fógetarétti Reykjavíkur, til 1. nóvember 1985, þar til úr því verður skorið með dómi, hvort eigendum Vesturgötu 33 A er heimilt vegna brunamálaireglugerðar að klæða hús sitt með timbri og hafa girðingu í stil sbr. teikningu með erindi til bygginganefndar 28. nóvember 1983.“

Beiðni þessari hafnaði fógetaréttur Reykjavíkur með hinum kærða úrskurði 5. nóvember sl. Úrskurðurinn, sem er án forsendna skv. 2. og 3. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981, hljóðar svo:

„Umbeðið lögbann verður eigi lagt á.

Málskostnaður fellur niður.“

Úrskurðir fógetaréttar um það, hvort fógетagerð skuli fram fara eða ekki, sæta ekki kæru til Hæstaréttar, sbr. a lið 3. tl. 21. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973. Ber því ex officio að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.